

„Sannarlega lögðu þessir menn sig í raunverulega lífshættu“

Árið 1928 fórst botnvörpungurinn „Jón forseti“ við Stafnes og töpuðust af honum 15 menn. Sigurbjörn Metúsalemsson á V-Stafnesi tók þátt í björgun þeirra sem af komust. Hann er nú níræður að aldri og rifjar hér upp skelfingarnóttina 27. febrúar fyrir 68 árum

Af ótal sjóslysum hér við land eru jafnan nokkur sem aldrei virðist fynast yfir og þar á meðal er sá óttalegi atburður þegar botnvörpungurinn „Jón forseti“ fórst við Stafnes 1928 og töpuðust af honum 15 menn. — Jón forseti kom til landsins þann 23. janúar 1907 og var það Thor Jensen sem forögöngu hafði um smíði hans og stofnaði hann og félagar hans útgerðarfélagið „Alliance“ í kringum útgerð skipsins. Við komuna til landsins var „Jón forseti“ stærsta skip Íslendinga, 251 lest að stærð, byggður í Englandi. Var mjög til smíði skipsins vandað og þrátt fyrir að brátt kæmu stærri og nýrri togarar til landsins reyndist „Jón forseti“ vel og reyndist happaskip hið mesta, ekki síst í háskasömum siglingum á árum heimsstyrjaldarinnar fyrri.

En eins og áður segir urðu endalok skipsins hörmuleg og missir þess og 15 manna varð ekki líttill hvati að stofnun SVFÍ, sem stofnað var þetta ár. En nátengd minningunni um endalok „Jóns forseta“ er hetjuleg framganga þeirra manna sem að björgun þeirra tíu sem af komust stóðu. Nú eru þeir fáir eftir sem þátt tóku í björgunarafrekinu fyrir 68 árum. Þó búa enn í Stafneshverfi og Sandgerði tveir aldraðir menn sem virkan þátt tóku í björguninni og eru það þeir Sigurbjörn Metúsalemsson frá Vestra-Stafnesi og Guðmundur Guðmundsson á Bala. Sjómanna-dagsblaðið fann Sigurbjörn að máli og bað hann að rifja upp þess löngu liðnu örlaganótt og daginn sem á eftir kom. Þótt Sigurbjörn sé nú orðinn


níræður man hann gjörla atburði, eins og eftirfarandi frásögn hans sýnir.

„Ég er fæddur á Litla Bæ í Stafneshverfi þann 3. maí 1906 og er því orðinn níræður,“ segir Sigurbjörn. „Foreldrar mínir voru Metúsalem Jónsson tómthúsmaður ættaður frá Fremri Hlíð í Vopnafirði og kona hans Anna Eiríksdóttir, en hún var fædd undir Eyjafjöllum. Faðir minn mun hafa flust suður í Stafneshverfi skömmu áður en ég fæddist, eða 1904, en ég var einkabarn foreldra minna. Pabbi var fæddur árið 1875 og lést á 83. aldursári, eða árið 1958.“

Á þeim tíma voru nokkur tómthús hér í Stafneshverfinu og var Litli Bær eitt þeirra. Meðal annarra tómthúsa má nefna Grund, sem þá var tvíþýli og Hólakot sem sömuleiðis var tví-

býli. Annars var mest um bújarðir að ræða. Fátækt var mikil á heimilum tómthúsmanna í þá daga, en samt fullyrði ég að enginn hafi liðið skort. Yfirleitt var nóg um fiskmeti og menn voru duglegir við að veiða fugl í sodið og jafnan með byssuna nærhendis. Faðir minn átti lítinn arabát á þeim tíma og munaði mikið um það. Þá reri hann löngum á áttæringi sem Daði Jónsson í Bala átti.

En ekki var of mikið um mat og engu var fleygt. Ef ég ætti að lýsa daglegu mataræði á berskuárum mínum þá var borðað þrisvar á dag og fyrsti málsverðurinn var venjulega vatnsgrautur á morgnana, því lítið var um mjólkina — nema þegar bændur sem höfðu kýr gáfu okkur mjólk, sem stundum gerðist. Þó var iðulega brauðmeti og kaffi með grautnum. Í hádeginu var oftast fisk-



„Jón forseti“ var fyrsti togarinn sem smíðaður var fyrir Íslendinga.